

Alþingi
Erindi nr. P 127/648
komudagur 30.1.2002

Nefndarsvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 8. janúar 2002

Flóttamannaráði hefur borist bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 28. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir að ráðið gefi álit sitt á frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál, en frumvarpið er endurflutt með nokkrum breytingum.

Flóttamannaráð vísar til fyrri umsagnar og ítrekar að ráðið fagnar tilkomu nýs frumvarps til laga um atvinnuréttindi útlendinga enda ástæða til að endurskoða ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994. Er það einkum sökum þess að frá gildistöku núgildandi laga hafa orðið miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði og eftirspurn eftir erlendu vinnuafli hefur stóraukist. Fagnar ráðið að lögunum virðist ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni. Einnig vill ráðið taka fram að í frumvarpinu kemur fram jákvæð nálgun á málefni útlendinga og svo virðist sem í frumvarpinu sé tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur á löggjöf á sviði stjórnisýsluréttar, mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi. Flóttamannaráð vill áréttta að í 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að heimilt sé að veita útlendingi sem hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, óbundið atvinnuleyfi. Með þessu ákvæði er í raun verið að festa í sessi þá framkvæmd sem verið hefur að minnsta kosti hvað varðar þá flóttamenn sem Flóttamannaráð tekur á móti. Þær breytingar sem nú eru lagðar til um að hælisleitendur fái tímabundið atvinnuleyfi telur ráðið vera mjög til bóta.

Flóttamannaráð telur mikilvægt að samræmi sé á milli frumvarps til laga um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga og þar sé til dæmis um sömu hugtakanotkun að ræða og ýmis önnur atriði.

Flóttamannaráð sér ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við frumvarpið og telur það vera til bóta fyrir réttarstöðu útlendinga sem koma hingað til lands í atvinnuskyni.

Virðingarfyllst,
f.h. Flóttamannaráðs Íslands,

Arni Gunnarsson, formaður